



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 27/2011

Um viðmiðunartilboð Mílu fyrir hýsingu

I

Inngangur

Með tilkynningu á heimasíðu Póst- og fjarskiptastofnunar (hér eftir PFS), dags. 2. mars 2011 kallaði PFS eftir samráði við markaðsaðila um nýtt viðmiðunartilboð Mílu ehf. fyrir hýsingu, en það hafði verið birt markaðsaðilum í kjölfarið á ákvörðun PFS nr. 41/2010, þar sem fjallað var um endurskoðaða kostnaðargreiningu Mílu á aðstöðuleigu í húsum og möstrum, dags. 17. nóvember 2010.

Í tilvitnaðri ákvörðun PFS var það niðurstaða stofnunarinnar að verðskrá fyrir leigu á aðstöðu í húsum skyldi hækka miðað við vegið meðaltal um 2,8% og verðskrá mastra um 12%. Núverandi afsláttarfyrirkomulag hýsingar Mílu yrði lagt niður og þess í stað komi afsláttarflokkar sem byggja á samningslengd en ekki magni. Nýir afslættir verða 5%, 10% eða 15% miðað við að lengd samnings.

Hin nýja verðskrá og afsláttarfyrirkomulag Mílu skyldi ekki taka gildi fyrr en í fyrsta lagi 1. mars 2011, enda tilkynnti félagið leigutökum um verðskrárbreytinguna með a.m.k. 30 daga fyrirvara. Með bréfi Mílu til leigutaka, dags. 28. febrúar 2011, tilkynnti Míla að hin nýja verðskrá myndi taka gildi 1. apríl 2011.

Í ákvörðunarorðum var hins vegar tiltekið að hin nýja verðskrá og afsláttarfyrirkomulag Mílu skyldi verða hluti af nýju viðmiðunartilboði Mílu fyrir aðstöðuleigu þegar PFS hefði samþykkt viðmiðunartilboðið. Að öðrum kosti skyldi gildistaka verðskrárinnar frestast þar til stofnunin hefði samþykkt viðmiðunartilboðið.

Með tilkynningu PFS til markaðsaðila á heimasíðu stofnunarinnar var fallist á að verðskráin skyldi taka gildi þann 1. apríl s.l. Sá fyrirvari var þó gerður af hálfu PFS að hugsanlegar athugasemdir við skilmála viðmiðunartilboðsins myndu ekki breyta forsendum verðlagningarinnar.

Frestur til að koma að athugasemdum var gefinn til 2. apríl 2011. Athugasemdir bárust einungis frá fjarskiptafyrirtækinu Vodafone og eru þær dagsettar þann 6. apríl 2011. Mílu var í framhaldinu gefinn kostur á að tjá sig um framkomnar athugasemdir og barst umsögn fyrirtækisins með bréfi, dags. 30. maí 2011. Verður nú gerð grein fyrir athugasemdum Vodafone, skýringum Mílu sem og afstöðu PFS til þeirra álitaefna sem Vodafone hafði uppi.

Áður en til þess kemur verður hins vegar vikið nokkrum orðum að ákvörðun PFS nr. 41/2010 varðandi kostnaðargreiningu Mílu ehf. á verðskrá fyrir aðstöðuleigu (hýsingu).

II.

Um kostnaðargreiningu Mílu á aðstöðu

2.1.

Almennt

Í ákvörðun PFS nr. 41/2010 varðandi kostnaðargreiningu Mílu ehf. á verðskrá fyrir aðstöðuleigu er m.a. byggt á þeirri forsendu að horft er heildstætt á aðstöðuleigu fyrirtækisins en ekki einstakar tegundir þjónustu eða einstaka markaði. Um er að ræða aðstöðuleigu sem spannar heimtaugarmarkað (M 11) og leigulínumarkaði (M 13 og M 14), auk þjónustu sem gæti verið án eftirlits PFS með gjaldskrá.

Ástæða þess að framangreindur háttur var hafður á er að erfitt getur reynst að aðgreina aðstöðuleigu í kostnaðargreiningu á milli framangreindra markaða og að skipta hýsingu eftir þeim búnaði sem um er að ræða.

Það viðmiðunartilboð sem hér er til umfjöllunar tekur því til hýsingar á búnaði sem tilheyrir framangreindum mörkuðum.

Kostnaðargreiningu fyrir aðstöðuleigu var því skipt niður á tvær einingar; aðstöðuleigu sem væri háð kvöðum og aðstöðuleigu sem ekki væri háð kvöðum.

Í ákvörðun PFS nr. 41/2010 er einnig vikið að því að því hafi verið beint til Mílu að fyrirtækið byði upp á fjölbreyttari vöruflokka í hýsingu á heimtaugaleigumarkaði, sbr. lið 3.13. í ákvörðun PFS nr. 1/2009. Einnig að félagið byði upp á fullnægjandi vöruframboð á stofnlínumörkuðum leigulína varðandi hýsingu. Tók PFS fram að slík hýsing þyrfti ekki að vera sambærileg hýsingu á heimtaugaleigumarkaði, enda umræddir hýsingarkostir í eðli sínu ólíkir. Einnig taldi PFS rétt að núverandi afsláttarfyrirkomulag hýsingar Mílu yrði lagt niður og í stað þess kæmu afsláttarflokkar sem byggðust á sammingslengd en ekki magni.

Af ofangreindu leiðir að það viðmiðunartilboð sem hér birtist tekur heildstætt til allra ofangreindra markaða og þá um leið þeirra kvaða, sem hvíla á Mílu á grundvelli þeirra.

2.2.

Um ákvörðun PFS nr. 41/2010

Í ákvörðun PFS nr. 41/2010 var útgangspunkturinn að hýsingarstöðum var skipt niður eftir staðsetningu þeirra, þ.e. blandaður markaður (blönduð hýsing), þéttbýli, dreifbýli og markaður utan byggðar og var rekstrarkostnaði Mílu til útreiknings á leigutekjum fyrirtækisins skipt upp á milli hýsingarstaða á grundvelli ofangreindar flokkunar. Fjöldi húsa skiptist þannig að 6 hús tilheyrðu blönduðum markaði, 84 þéttbýli, 74 dreifbýli og 28 voru utan byggðar. Sameiginlegum kostnaði sem ekki var aðgreindur á tiltekið hús í bókhaldi var skipt upp með ýmsum hætti eftir eðli kostnaðar, sjá nánar ákvörðun PFS nr.41/2010. Tekið skal fram að hýsingu sem tilheyrði blönduðum markaði var einungis að finna í þéttbýli.

Hliðstæðar reglur voru viðhafðar við uppskiptingu á fjárfestingum Mílu sem tengdust hýsingum.

Um leigueiningar

Í ákvörðun PFS er lagt til grundvallar ákveðið leiguígildi, ákveðin fjöldi leigueininga og útreiknuð ígildi sem síðan var skipt á milli blandaðra markaða, þéttbýlis, dreifbýlis og utan byggðar. Teknar voru saman leigueiningar í hverju húsi. Hverri einingu var gefið mismunandi vægi eða ígildi eftir eðli einingar. Staðaleiningin er skápur sem er 60*60*220, þ.e. 60 cm á lengd og breidd og 220 cm á hæð. Þessi eining fékk ígildið 1,0. Aðrar einingar eins og 80*80*220 skápaeyningar og hálfar einingar hefðu fengið vægi sem væri í sama hlutfalli og rými þeirra samanborið við staðaleininguna. Gerðar voru nokkrar leiðréttingar á fjölda leigueininga (heildarfjöldi [...])¹ og fjölda leiguígilda (heildarfjöldi [...]) og er byggt á þessum fjölda við útreikninga á leiguverði.

Um leiguverð

Í ákvörðun PFS er lagt til grundvallar að u.þ.b. [...] af heildar leigutekjnum séu vegna aðstöðu í húsum og um [...] vegna aðstöðuleigu í möstrum.

Míla skiptir leiguverði upp með nýjum forsendum og skiptir leigugjaldi í þrjá flokka eftir staðsetningu, þ.e. þéttbýli, dreifbýli og utan byggðar í stað flokkunar eftir því hvort um er að ræða símsstöðvar eða tækjahlús í núverandi gjaldskrá félagsins. Auk þess var einn flokkur þar sem um var að ræða svokallaða blandaða útleigu, þ.e. þar sem um er að ræða húsnæði þar sem bæði er leigt út í samræmi við kvaðir þess efnis og leigu á frjálsum markaði.

PFS féllst á að í forsendum verðútreikninga Mílu sé tekið tillit til þess að um getur verið að ræða hýsingu þar sem bæði er kvaðabundin hýsing og ókvaðabundin og gerði ekki á þessu stigi athugasemdir við þær forsendur sem Míla lagði til grundvallar í hlutfallslegri skiptingu húsnæðis þar sem kvaðabundin og ókvaðabundin útleiga fer fram í sama húsnæði skv. lista sem Míla hefur lagt fram. Öll hýsing þar sem um blandað húsnæði er að ræða er í þéttbýli.

Í ákvörðun nr. 41/2010 fellst PFS á þær forsendur sem liggja til grundvallar á skiptingu leigugjalds í húsnæði eftir því hvort um er að ræða hýsingu á blönduðum markaði, þéttbýli, dreifbýli eða utan byggðar. PFS telur rétt að í hinu nýja viðmiðunartilboði fyrir aðstöðuleigu sé tæmandi listi yfir þá staði sem tilheyra blönduðum markaði, þéttbýli, dreifbýli eða eru utan byggðar. Niðurstaða PFS er að heildartekjur fyrir aðstöðu í húsum séu [...] millj. kr. á ársgrundvelli í stað [...] millj. kr., eða sem samsvarar [...]% hækkun tekna.

Leiguverð fyrir aðstöðu í möstrum

Niðurstaða PFS er að heildartekjur fyrir aðstöðu í möstrum nema [...] millj. kr. á ársgrundvelli í stað [...] millj. eða sem samsvarar [...]% hækkun tekna.

Míla vinnur að endurskoðun á uppbyggingu verðskrár fyrir aðstöðu í möstrum þar sem verð ræðst af því hvar leigueiningar eru staðsettar í mastri og stærð þeirra.

Að mati PFS er það á ábyrgð og frumkvæði Mílu að leggja til nýja uppbyggingu á verðskrá fyrir aðstöðu í möstrum. Jafnframt skal Míla leggja fram ítarlega sundurliðun á forsendum einingaverðs í gjaldskránni og útreikninga á reiknuðum tekjum miðað við einingar og í heild.

¹ Upplýsingar felldar brott vegna trúnaðar. Það sama á við um upplýsingar sem fram koma í hornklofum hér að aftan.

² Skipt eftir blönduðum markaði, þéttbýli, dreifbýli og utan byggðar. Ein eining t.d. skápur 60*60*220.

Samandregin niðurstaða

Í ákvörðuninni eru ákvarðaðar heildartekjur af aðstöðuleigu í möstrum og húsum og þurfa þær að vera kr. [...] millj. kr. á ársgrundvelli til að mæta rekstrarkostnaði, afskriftum og ávöxtun bundins fjármagns miðað við árið 2009. Þar sem kostnaðargrunnurinn náði til rekstrar og fjárfestinga í möstrum og húsum, skipti Míla kostnaði í samræmi við hlutfall tekna af aðstöðu í húsum annars vegar og möstrum hins vegar. Samkvæmt kostnaðargreiningunni hækkaði aðstöðuleiga að jafnaði um [...] % frá núverandi tekjum.

Leigutekjur húsa voru metnar á [...] milljónir og tekjur af möstrum voru [...] millj. kr. Tekjum vegna aðstöðuleigu í húsum var skipt þannig að [...] milljónir eru af blandaða markaðinum, [...] millj. kr. í þéttbýli, [...] millj. kr. í dreifbýli og [...] millj. kr. utan byggðar.

Reiknaðar tekjur samkvæmt eldri verðskrá voru [...] millj. kr. á ársgrundvelli og nam því hækkun tekjustofns Mílu um [...] %.

PFS samþykkti beiðni Mílu um ný afsláttarkjör. Nýir afslættir verða 5%, 10% eða 15% miðað við að lengd samnings væri 2, 3 eða 5 ár. Í verðskrá Mílu var tekið tillit til áhrifa framangreindra afslátta. (Í því viðmiðunartilboði sem hér er til meðferðar hefur tímalengd samnings sem grundvöllur afsláttar verið stytta, sbr. tl. 2.3.1).

Í samræmi við framangreinda útreikninga PFS var það niðurstaða stofnunarinnar að verðskrá fyrir leigu á aðstöðu í húsum skyldi hækka miðað við vegið meðaltal um [...] % og á aðstöðu í möstrum um [...] %.

Míla vinnur að endurskoðun á uppbyggingu verðskrár fyrir aðstöðu í möstrum þar sem verð ræðst af því hvar leigugeiningar eru staðsettar í mastri og stærð þeirra. Þar til slík greining liggur fyrir og PFS hefur samþykkt hana skal núverandi þjónusta boðin óbreytt.

Hin nýja verðskrá Mílu skyldi taka gildi í fyrsta lagi þann 1. mars 2011, enda tilkynnti félagið leigutökum um verðskrárbreytinguna með a.m.k. 30 daga fyrirvara. Með bréfi, dags. 28. febrúar 2011 tilkynnti Míla að frá og með 1. apríl 2011 tæki gildi ný verðskrá fyrir hýsingu í tækjarýmum Mílu. Verðskráin skoðast sem hluti af því viðmiðunartilboði sem hér er samþykkt.

III.

Athugasemdir

Eins og áður sagði var það einungis Vodafone sem skilaði inn umsögn um viðmiðunartilboðið og voru þær settar fram í 6 liðum. Verður nú gerð grein fyrir þeim sem og sjónarmiðum Mílu og afstöðu PFS í hverju tilviki fyrir sig.

3.1.

Rétt flokkun á tækjarýmum

Vodafone telur að í viðauka 4 þar sem fjallað er um tækjarými og þau skilgreind og flokkuð eftir tegund, sé í nokkrum tilvikum um ranga flokkun að ræða. Í umsögn eru taldir upp eftirtaldir staðir sem fyrirtækið telur að séu rangt skilgreindir í viðmiðunartilboðinu:

„Bakkafjörður, kallað „Bakkafjörður staur/482“ og „Hafnargata 3, 685 Bakkafjörður“ Þetta flokkar Míla undir „Dreifbýli“ en ætti að vera „Þéttbýli“
Ennishöfði tækjarými/130: Þetta flokkar Míla sem „Utan byggðar“ en ætti að vera „Dreifbýli“. Þarna er um að ræða húsnaði rétt við þjóðveg innan héraðs.

Höfðaoddi tækjarými/138: Þetta flokkar Míla sem „Utan byggðar“ en ætti að vera „Dreifbýli“. Þetta er við Dýrafjörð örstutt frá þjóðvegi.
 Námaskarð tækjarými/296: Þetta flokkar Míla sem „Utan byggðar“ en ætti að vera „Dreifbýli“. Staðurinn er í 200m fjarlægð frá hringveginum.
 Raufarhöfn Barnaskóli tækjarými. Míla flokkar þetta undir „Dreifbýli“ en ætti að vera „Þéttbýli“. Starfsmaður Mílu [...] getur staðfest að Raufarhöfn sé þéttbýli.
 Grímsey Þorp: Míla flokkar þetta undir „Dreifbýli“ en ætti að vera „Þéttbýli“. Þetta er símstöðin inni í bænum.“

Bendir Vodafone á að þar sem leiguverð sé misjafnt telur fyrirtækið það mikilvægt að ofangreind tækjarými/tækjahús verði skilgreind á þann hátt sem að framan er rakið.

Í umsögn Mílu vegna þessa atriðis kom fram að fyrirtækið hafi sett fram flokkun á tækjarýmum í kostnaðargreiningu fyrir hýsingu í samráði við PFS og byggist því verð á kostnaði húsa í hverjum flokki. Ef gera þurfi miklar breytingar á flokkun þurfi að reikna verð fyrir hýsingu upp á nýtt. Um það hvort að Bakkafjörður, Grímsey og Raufarhöfn eigi að flokkast undir þéttbýli bendir Míla á að þó hér geti verið um þéttbýlisstaði að ræða í þeim skilningi að á þessum stöðum sé húsaþyrping, þá geti þeir ekki flokkast undir þéttbýli í skilningi þeirra forsendna sem liggja að baki kostnaðargreiningu á þessum stöðum. Um sé að ræða staði sem séu mjög langt frá þeim stöðum sem þjónustuaðilar Mílu eru á. Þessi staðir séu í raun utan alfaraleiðar. Námaskarð sé einnig svo dæmi sé tekið staður sem ekki sé í alfaraleið þótt hann sé nálægt hringveginum, enda oft erfitt að komast þangað á veturna. Í lok athugasemda Mílu er vakin athygli á þeirri breytingu að nú sé Ennishöfði flokkaður undir dreifbýli.

3.1.1.

Afstaða PFS

Í viðauka 2. Verðskrá er fjallað um leiguverð í tækjahúsum í grein 2.1., þar segir:

Í verðskrá fyrir leigu í tækjahúsum úti á landsbyggðinni eru 4 verðflokkar eftir staðsetningu húsanna. Stærðir skápaeyninga sem miðað er við í leigu á mánuði eru tvær, 60x60 sm og 80x80 sm.

	Blandaður markaður	Þéttbýli	Dreifbýli	Utan byggðar
1 skápaeyning 60x60x220	kr. 13.995	kr. 20.349	kr. 22.081	kr. 36.971
½ skápaeyning 60x60x110	kr. 6.997	kr. 10.174	kr. 11.040	kr. 18.486
1 skápaeyning 80x80x220	kr. 22.392	kr. 32.558	kr. 35.329	kr. 59.154
½ skápaeyning 80x80x110	kr. 11.196	kr. 16.279	kr. 17.665	kr. 29.577
½ skápaeyn.	kr. 6.997	kr. 10.174		

undir ljósmúffu				
Fermetraverð	kr. 1.120	kr. 1.628	kr. 1.766	kr. 2.958

Í viðauka 4 sem ber heitið *Tækjarými Mílu* er að finna lista yfir staði þar sem hægt er að fá hýsingu. Í listanum er að finna yfirlit yfir staðsetningu og til hvaða tegund hver staður tilheyrir, þ.e. hvort um er að ræða blandaðan markað, dreifbýli, utan byggðar, þéttbýli eða hvort staðurinn tilheyrir svokölluðu þjóðvegaútbóði. Kostnaðargreiningin leiðir fram mánaðarleg leiguverð í húsum í samræmi við mismunandi markaðsforsendur og staðsetningu á aðstöðu svo og skápastærða sem eru í bóði.

Í ákvörðuninni er lögð til grundvallar flokkun Mílu á aðstöðuleigu eftir staðsetningu í þéttbýli, dreifbýli og utan byggðar, sem endurspeglast síðan í verðskrá fyrirtækisins.

Í þeirri flokkun sem lögð var til grundvallar er ekki að öllu leyti stuðst við almennan skilning á hugtökunum þéttbýli og dreifbýli eins og þau eru t.d. skilgreind í 24. tl. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar er þéttbýli skilgreint á eftirfarandi hátt: „*Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra. Afmarka má þéttbýli með öðrum hætti í aðalskipulagi sveitarfélaga*“

Í athugasemdum Vodafone er réttilega bent á að flokkun hýsingarstaða sé ekki í öllum tilvikum rétt og tekin nokkur dæmi um slíkt. Eins og fram kemur, m.a. í kafla 2.2. þar sem gerð er grein fyrir kostnaðargreiningu Mílu og yfirferð PFS, var þessi skipting lögð til grundvallar við greiningu á kostnaði Mílu vegna hýsingar og þar með þeirri gjaldskrá sem tók gildi þann 1. apríl 2011. Af því leiðir að ekki eru forsendur til að færa einstaka hýsingarstaði á milli verðflokka. Ef það yrði gert er hætt við að forsendur kostnaðargreiningarinnar myndu raskast og þar með leiguverð innan hvers flokks. En um meðalverð er að ræða innan hvers flokks fyrir sig. Miklar tilfærslur á einstökum hýsingarstöðum innan flokka (svæða) gætu því haft áhrif á hið endanlega meðalverð innan hvers flokks fyrir sig.

Sá listi sem birtur er í viðmiðunartilboðinu skal skoðast sem tæmandi listi yfir þá staði sem tilheyra viðkomandi flokki. Allar breytingar og uppfærslur á listanum skulu tilkynntar til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Miðað við þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar í ákvörðun PFS nr. 41/2010 verður ekki séð að rök standi til þess að gerðar séu breytingar á þeirri flokkun á tækjarýmum sem fram koma í viðauka 4 í viðmiðunartilboði Mílu um hýsingu, dags. 1. apríl 2011.

Sú flokkun sem fram kemur í viðauka 4 skal því standa þar til endurskoðun fer fram á hýsingargjöldum Mílu á grundvelli nýrrar kostnaðargreiningar. Sjá nánar kafla 2.2.

Þá er einnig til þess að líta að verðskrá fyrir hýsingarþjónustu er meðaltalsverðskrá fyrir hvern flokk af hýsingarstöðum. Allar breytingar á milli flokka geta því haft áhrif á endanlegt verð innan hvers flokks. Að mati PFS verða slíkar breytingar ekki gerðar nema við endurskoðun á núverandi kostnaðargreiningu þar sem hugsanlega færi fram endurskoðun á þeirri flokkun sem lögð var til grundvallar í kostnaðargreiningu PFS. Af þessu leiðir að allar breytingar innan flokka eru til þess fallnar að skekkja það kostnaðarmódel sem lagt er upp með í ákvörðun PFS nr. 41/2010.

Það er því niðurstaða PFS að ekki séu rök til þess að gerðar séu breytingar á flokkun Mílu á milli dreifbýlis, þéttbýlis, blandaðra markaða. Flokkunin og skipting einstakra hýsingarstaða innan hennar eins og hún var lögð til grundvallar í ákvörðun PFS nr. 41/2010 skulu því vera óbreyttar.

3.2.

Um afsláttarkjör

Þá bendir Vodafone að í viðauka 7 „Viðaukasamningur um einstaka hýsingarstaði“, sé hvergi fjallað um afsláttarkjör vegna leigu á möstrum/staurum og telur Vodafone nauðsynlegt að úr því verði bætt og fer fram á að PFS beiti sér í því að fá afsláttarkjörin inn í viðmiðunartilboðið.

Í umsögn Mílu vegna þessa atriðis kemur fram að ekki hafi farið fram endanleg kostnaðargreining á möstrum, heldur sé aðeins búið að ákvarða það hverjar heildartekjur Mílu eigi að vera af möstrum. Á áætlun sé að útbúa nýja verðskrá fyrir möstur, þar sem tekið væri meira tillit til stærðar leigueininga í mastri og við þá endurskoðun verði veittir afslættir með sambærilegum hætti og í hýsingu í húsum.

3.2.1.

Afstaða PFS

Í ákvörðun PFS nr. 41/2010 kemur fram að Míla hafir ekki lagt fram útreikninga á leiguverði eininga í möstrum þar sem vinna er í gangi hjá Mílu við að fara yfir öll möstur þar sem kannað er hvar leigueiningar eru staðsettar í þeim og hversu stórar þær eru. Jafnframt kom fram að fyrirhugað væri að leiguverð verði háð staðsetningu í mastri og stærð búnaðar í stað tegund masturs og hæð í því. Í athugasemdum Mílu er einnig vikið að því að veittir afslættir verði byggðir upp með sambærilegum hætti og í hýsingu í húsum.

PFS telur hugmyndir Mílu um breytingu á gjaldskrá fyrir möstur vera til bóta. Stofnunin er sammála því að um tímafreka vinnu er að ræða. En, eins og fram kemur í ákvörðun PFS nr. 41/2010 er það á ábyrgð og frumkvæði Mílu að leggja nýja gjaldskrá fyrir aðstöðu í möstrum fyrir stofnunina til samþykktar. Jafnframt skal Míla skal leggja fram ítarlega sundurliðun á forsendum einingarverða í gjaldskránni og útreikninga á reiknuðum tekjum miðað við einingar og í heild. Afslættir verði sambærilegir og gilda um hýsingu í húsum.

Þar til Míla hefur lagt fram nýja gjaldskrá á framangreindum forsendum og PFS samþykkt hana þá skal leiguverð á mánuði á hverja leigueiningu fyrir aðstöðu í möstrum vera í samræmi við niðurstöðu um gjaldskrá í ákvörðun nr. 41/2010. Þegar vinnu við greininguna lýkur mun hin nýja gjaldskrá verða sett inn í viðmiðunartilboðið, þ.m.t. þau afsláttarkjör sem samþykkt verða. Ekki er reiknað með að ný gjaldskrá þar sem afsláttarkjör hafa verið útfærð hafi áhrif á endanlegar tekjur Mílu eða kostnað fjarskiptamarkaðarins af leigu fyrir aðstöðu í möstrum. Heldur er einungis um tilfærslur á einingarverðum eftir því hvað verið er að leigja hverju sinni.

3.3.

Uppsögn samnings

Vodafone gerir einnig athugasemd við að í viðauka 7 sé sagt að um gildistíma og uppsagnarfrest fari skv. ákvæðum í almennum hýsingarsamningi sem aðilar undirrita. Í grein 16.3 í almenna hýsingarsamningnum sé talað um sex mánaða uppsagnarfrest að viðbættum viðbótaruppsagnarfresti skv. lið 2.6. í viðauka 2. Uppsagnarfrestur á hýsingarstað geti því verið allt að 9 mánuðum. Telur fyrirtækið að sex mánaða uppsagnarfrestur sé nægilegur. Uppsagnarfrestur sé hugsaður til þess að samningsaðilar geti aðlagð sig að þeim breytingum

sem í vændum eru og í því ljósi ættu sex mánuðir að vera nægilegur tími fyrir Mílu. Fer fyrirtækið því fram á að umræddur viðbótaruppsagnafrestur verði tekin út.

Í umsögn Mílu bendir fyrirtækið á að í því kostnaðarlíkani sem notað er við ákvörðun verðs hafi afslættir verið innifaldir í útreikningum. Það sé grundvöllur þess að veita megi afslátt að leigutaki skuldbindi sig til einhvers lágmarkstíma. Sex mánaða uppsagnarfrestur gildi almennt um leigusamninga um húsnæði. Það sé því að mati Mílu mjög lítil kvöð fyrir viðskiptavin að leigja húsnæðið í 9 mánuði. Þá bendir fyrirtækið jafnframt á að leigutaki geti nýtt húsnæðið allan þann tíma.

3.3.1

Afstaða PFS

Þau afsláttarkjör sem Vodafone vísar hér til koma fram í Viðauka 2, *Verðskrá*, grein 2. 6 og eru svohljóðandi:

„Afsláttarkjör eru eftirfarandi:

1 árs samningur: 5% afsláttur, viðbótaruppsagnarfrestur 1 mánuður.

2 ára samningur: 10% afsláttur, viðbótaruppsagnarfrestur 2 mánuðir.

3 ára samningur: 15% afsláttur, viðbótaruppsagnarfrestur 3 mánuðir.

Með viðbótaruppsagnarfresti er átt við uppsagnarfrest sem bætist við almennan uppsagnarfrest samkvæmt gr. 16.3 í samningi. Samningur skal gerður um hvern hýsingarstað og skal sami samningstími gilda um allar einingar innan hvers staðar.“

Ákvæði gr. 16.3 sem vísað er til í skilmálanum hljóðar svo:

„Þjónustukaupi getur sagt upp samningi með sex mánaða fyrirvara. Ef samið hefur verið um hýsingu til tiltekins lágmarkstíma gilda jafnframt ákvæði í viðauka 2, lið 2.6 ef hýsingu er sagt upp áður en umsaminn gildistími rennur út. Eftir að lágmarkstíma lýkur og hýsingarþjónusta er enn fyrir hendi framlengist samningurinn ótímabundið. Getur þá þjónustukaupi sagt hýsingarþjónustu upp hvenær sem er með sex mánaða fyrirvara, sbr. 1. málslíð greinar þessarar“

Þau afsláttarkjör sem fram koma í viðmiðunartilboði Mílu voru mótuð í ákvörðun PFS nr. 41/2010. Áður en þau tóku gildi voru afsláttarkjör með þeim hætti að einungis stærstu aðilar á markaði gátu uppfyllt þau skilyrði sem voru í gildi. Með því afsláttarfyrirkomulagi sem hér er sett fram eiga allir aðilar rétt á afslætti að uppfylltum tilteknum skilyrðum um tímalengd samnings í upphafi.

Um samninga um hýsingu

Það er skilningur PFS á þeim afsláttarkjörum og skilmálum sem hér eru til umfjöllunar að þjónustukaupi geti annars vegar gert samninga um hýsingu sem byggja á þeim afsláttarkjörum sem í boði eru og hins vegar samninga um hýsingu á tilteknum stöðum sem ekki myndu þá falla undir þau afsláttarkjör sem í boði eru. Ef fyrirtæki kjósa slíkt er mikilvægt að skýrt komi fram í samningi aðila við Mílu um hvorn kostinn er að ræða í hverju tilviki og einnig séu taldi upp þeir staðir sem falla undir viðkomandi samning í hverju tilviki fyrir sig, sbr. viðauka 7. *Viðaukasamningur um einstaka hýsingarstaði.*

Almennur uppsagnarfrestur

Í viðmiðunartilboðinu er sett fram ákvæði um almennan uppsagnarfrest á samningum um hýsingu, sem kveður á um að samningi megi segja upp með sex mánaða fyrirvara. Að mati PFS er eðlilegt eins og hér háttar til, m.a. með hliðsjón af eðli þeirra aðstöðu sem verið er að leigja, að kveðið sé á um 6 mánaða uppsagnarfrest, sambærilegan við það sem almennt gildir um leigu á fasteignamarkaði.

Í þeim tilvikum sem samningur aðila fellur undir hið almenna uppsagnarákvæði skal leggja til grundvallar hið kostnaðargreinda verð í uppgjöri á milli aðila.

Viðbótaruppsagnarfrestur

Ef hins vegar fjarskiptafyrirtæki sjá sér hag í því að binda sig til lengri tíma varðandi leigu á aðstöðu á einhverjum tilteknum svæðum/stöðum stendur þeim til boða að gera sérstakan samning þar um og njóta um leið afsláttarkjara sem byggjast á tímalengd þess samnings sem viðkomandi þjónustukaupi kýs að gera við Mílu. Um er að ræða valkvæðan kost fyrir þjónustukaupa sem honum er í sjálfsvald sett hvort hann nýtir sér eða ekki. Afslátturinn er 5% fyrir 1 árs samning með viðbótaruppsagnarfresti upp á einn mánuð. Fyrir 2 ára samning er veittur 10% afsláttur með viðbótaruppsagnarfresti upp á 2 mánuði og fyrir 3 ára samning 15% afsláttur og viðbótaruppsagnarfrestur upp á 3 mánuði.

Í öllum tilvikum fellur viðbótaruppsagnarfresturinn niður þegar hinn umsamdi samningstími er liðinn. Að honum liðnum gildir því eingöngu hið almenna uppsagnarákvæði í grein 16.3 sem kveður á um sex mánaða uppsagnarfrest.

Fyrirtækjum stendur einnig til boða, í samræmi við almennar reglur, að nýta aðstöðuna allan þann tíma sem samningur aðila er í gildi.

Niðurlag

Þeir afsláttarskilmálar sem útfærðir voru í ákvörðun PFS nr. 41/2010 koma nú inn í viðmiðunartilboð Mílu lítillaga breyttir. Breytingin er ívilnandi fyrir viðskiptavinum fyrirtækisins, þar sem viðbótaruppsagnarfrestur sem skilyrði fyrir afsláttarkjörum hefur verið stytur. Það er því niðurstaða PFS að þessir afsláttarskilmálar séu hóflegir og ekki sé um ósanngjörn skilyrði að ræða þegar tekið er mið af þeim afsláttum sem þjónustukaupi fær af hinum kostnaðargreindu verðum.

Afslátturinn endurspeglar það langtímahagræði sem Míla hefur af þessum tilteknu viðskiptum við þjónustukaupa og þar með ákveðinn fyrirsjáanleika í rekstri fyrirtækisins. Telur PFS að þessi viðbótartími sé ekki langur ef horft er til þess að leiga á aðstöðu í húsnæði er í eðli sínu langtímaleiga. Leigutaki þarf t.d. að leggja í uppsetningarkostnað á þeim búnaði sem um ræðir sem í flestum tilvikum er ekki gert fyrir mjög stuttan tíma. Ef hins vegar fjarskiptafyrirtæki telja í einhverjum tilvikum að það henti þeim ekki að vera bundin samningi við Mílu með þeim hætti sem skilmálar afsláttarkjaranna kveða á um þá stendur þeim til boða að gera samning þess efnis við Mílu. Slíkur samningur á milli aðila færi eftir hinum almennu uppsagnarákvæðum.

Þá skiptir og máli í þessu sambandi að gert er ráð fyrir því að fyrirtæki geti nýtt sér aðstöðuna út uppsagnartímann og að eftir að samningstímanum er náð. Ef t.d. 3 ára samningstími er liðinn þá fellur viðbótaruppsagnarfresturinn niður og hinn almenni uppsagnarfrestur gildir.

Með vísun til ofangreinds telur PFS að ekki séu rök til þess að gerðar séu breytingar á viðmiðunartilboði Mílu að því er varðar útfærslu afsláttarkjara svo sem um tímalengd viðbótaruppsagnarfrestar vegna veitts afsláttar.

3.4.

Verð fyrir aðgang í hýsingum fyrir tengigrind Mílu fyrir hverjar 100 línur.

Þá vísar Vodafone í athugasemdum sínum til ákvæðis 2.5. í viðauka 2, *Verðskrá*. Í ákvæðinu sé tekið fram að verð fyrir aðgang að tengigrind sé 1.000 kr. á mánuði án VSK fyrir hverjar 100 línur. Núverandi gjald fyrir þennan aðgang sé 760 kr. á mánuði. [Vodafone er með [...] línur á tengigrindum Mílu í dag og kemur til með að fara fjölgandi. Í dag greiðir Vodafone [...] kr. á mánuði til Mílu fyrir aðgang að tengigrindum en með þessari breytingu þarf Vodafone að greiða [...] kr. á mánuði. Sú hækkun sem um ræðir er 31,6% hækkun á aðgangi að tengigrindum Mílu.] Heldur Vodafone því fram að sú verðhækkun sem hér um ræðir hafi hvergi verið kynnt í nýrri verðskrá Mílu sem gefin var út þann 28 febrúar 2011. Bendir fyrirtækið á að í ákvörðun PFS nr. 41/2010 hafi ekki verið veitt heimild fyrir fyrirhugaðri hækkun né hafi kostnaðargreining farið fram. Auk þess sé eftirfarandi skýrt tekið fram: „*Óumdeilt er að tengigrindur, notendastig símsstöðva, DSLAM og endabúnaður leigulína sé búnaður sem krefst nálægðar við línukerfi Mílu og því er eðlilegt að hýsing undir þennan búnað sé undir eftirliti PFS.*“ Að mati Vodafone geti Míla ekki undir neinum kringumstæðum réttlátt umrædda hækkun. Fer Vodafone þess á leit við PFS að verðhækkunin verði felld úr gildi eða hún lækkuð allverulega.

Míla bendir hins vegar á að verð fyrir aðgang að tengigrind hafi ekki hækkað síðan árið 2005. Fyrirtækið hafi reiknað út að þörfin fyrir hækkun sé þessi og hafi sent PFS bréf með rökstuddri ósk um hækkun. Endanleg ákvörðun liggja ekki fyrir af hálfu PFS og muni verðið vera óbreytt þar til endanleg ákvörðun liggja fyrir.

3.4.1.

Afstaða PFS

Sá skilmáli sem Vodafone vísar til í viðmiðunartilboði Mílu fyrir hýsingu hljóðar svo.

*„2.5. Verð fyrir aðgang að kopartengigrind
Verð fyrir aðgang að tengigrind er 1000 kr. á mánuði fyrir hverjar 100 línur.“*

Með bréfi Mílu, dags. 24. maí 2011 óskaði fyrirtækið eftir heimild til hækkunar á verði fyrir aðgang að tengigrindum. Um væri að ræða leigu á tengigrind og að leigður væri aðgangur að 100 tengipunktum í einu.

Þann 8. júlí 2011 sendi PFS tölvupóst til Mílu þar sem m.a. kom fram að stofnunin teldi ekki rétt að blanda saman kostnaði við upptengingu og niðurtöku við leigukostnað tengigrinda þar sem slíkur kostnaður tilheyrði stofngjöldum, sem gjaldskrá stofngjalda á hverjum tíma skyldi endurspegla. Til að taka afstöðu til erindis Mílu vegna aðgangs að tengigrindum þyrfti að fara fram nánari greining á liðnum „Húsaleiga“, þar sem fram kæmi reikniregla fyrir leigurými tengigrinda, rými á hverjum stað, hlutdeild í heildarrými á viðkomandi stað og leigurými per fm. á hverjum stað.

Með bréfi Mílu dags. 25. ágúst 2011, skilaði Míla m.a. inn kostnaðargreiningu fyrirtækisins vegna breytinga á stofngjöldum heimtauga, mánaðargjaldi heimtauga og fyrir aðgang að tengigrind. Yfirferð PFS er ekki að fullu lokið en ákvörðunar er að vænta á næstu mánuðum. Eins og Míla bendir á í umsögn sinni mun verðið vera óbreytt þar til endanleg ákvörðun PFS

liggur fyrir. Það verð sem fram kemur í Viðmiðunartilboði Mílu fyrir hýsingu og gerð er athugasemd við af hálfu Vodafone hefur því ekki tekið gildi, enda óvíst hvert hið endanlega verð verður.

Núverandi gjald sem í dag er 760 kr. kemur fram í viðmiðunartilboði Mílu fyrir opinn aðgang að heimtaugum, dags. 1. apríl 2009, viðauka 1b um aðstöðuleigu, grein 4.6. Rétt er að taka fram að stofnunin hefur ekki tekið endanlega afstöðu til þess hvort að þetta tiltekna verð eigi frekar að vera í viðmiðunartilboði Mílu fyrir heimtaugar vegna tengsla þess við gjaldskrá fyrir heimtaugar heldur en í hinu sérstaka viðmiðunartilboði fyrir hýsingu. Ákvörðun um slíkt verður tekin samhliða ákvörðun um nýtt verð fyrir aðgang að kopartengigrind.

Með tilliti til alls framangreinds verður ekki fallist á það, að svo stöddu, að skilmáli 2.5., verð fyrir aðgang að kopartengigrind, verði hluti af því viðmiðunartilboði sem hér er til staðfestingar.

3.5.

Kostnaðargreining á götuskápum

Þá bendir Vodafone á að í viðmiðunartilboði Mílu sem nú er til umsagnar sé hvergi fjallað um leiguverð Mílu fyrir tengigrind né pláss fyrir tækjabúnað (DSLAM) í götuskápum. Vodafone telur nauðsynlegt að taka þennan þátt hýsingar inn í núverandi viðmiðunartilboð. Síðan segir: „Í ákvæði 7.4. í viðauka 1a, við Viðmiðunartilboð Mílu fyrir opin aðgang að heimtaugum 1. október 2010, kemur fram verð fyrir skiptan aðgang að heimtaug. Svo Vodafone geti keypt heimtaug verður að vera skýrt kveðið á um leiguverð fyrir tengigrind í götuskáp. Þessi tvö atriði fylgjast mjög náið [að] og því nauðsynlegt að gengið sé frá kostnaðargreiningu fyrir leiguverð í götuskápum. Fer Vodafone því þess á leit við PFS að stofnunin beiti sér fyrir því að Míla kostnaðargreini þá í því viðmiðunartilboði sem nú liggur fyrir.“

Í athugasemdum Mílu vegna leiguverðs Mílu fyrir tengigrind í götuskápum og pláss fyrir tækjabúnað (DSLAM) í götuskápum kemur fram að Míla innheimti sérstakt endurgjald fyrir aðgang að tengigrind í götuskápum. Verð fyrir skiptan aðgang, kr. 416.- án vsk., vegna heimtauga sem tengjast tækjabúnaði í götuskáp (DSLAM) sé hærra en verð fyrir hefðbundin skiptan aðgang og innifelur það endurgjald fyrir rými fyrir tækjabúnað.

3.5.1.

Afstaða PFS

PFS mun í samhengi við yfirferð stofnunarinnar á erindi Mílu dags. 25. ágúst s.l., sem vísað var til í kafla 2.4.1 hér að ofan, fjalla um endurgjald fyrir aðgang að tengigrind í götuskápum.

Þá er einnig rétt að taka fram að stofnunin hefur ekki tekið endanlega afstöðu til þess hvort gjald fyrir aðgang að tengigrind í götuskápum eigi að vera í viðmiðunartilboði Mílu fyrir heimtaugar, vegna tengsla þess við gjaldskrá fyrir heimtaugar, eða í hinu sérstaka viðmiðunartilboði fyrir hýsingu. Ákvörðun um slíkt verður tekin samhliða ákvörðun um verð fyrir aðgang að tengigrind í götuskápum.

Að framangreindu virtu telur PFS því ekki nauðsynlegt að verða við óskum Vodafone um að fjalla um kostnaðargreind verð fyrir götuskápa í viðmiðunartilboði þessu.

3.6.

Endurgreiðsla vegna ljósleiðaramúffu

Þá vekur Vodafone athygli á því að Míla hafi innheimt mánaðarlegt aðstöðugjald frá 1. september 2009 að fjárhæð 11.750 kr., skv. ákvörðun PFS nr. 23/2009 fyrir ½ skápaeyningu undir ljósmúffu. Í ákvörðuninni hafi verið settur fyrirvari um uppgjör og endurgreiðslur þegar kostnaðartengd verð lægju fyrir og hafi verið samþykkt af hálfu PFS. Fyrir liggur í verðskrá í viðauka 2 verð fyrir ½ skápaeyningu undir ljósmúffu að upphæð 6.997 kr. Í ljósi þessa telji Vodafone sig eiga rétt á endurgreiðslum frá Mílu vegna ofrukkunar og fer þess á leit við PFS að stofnunin taki afstöðu til þess.

Í athugasemdum Mílu vegna þessa atriðis segir að þessi krafa Vodafone hafi ekki komið áður til fyrirtækisins. Jafnframt tiltekur Míla að Vodafone leigi ekki rými undir ljósleiðaramúffu og fyrirtækið hafi ekki verið aðili að ákvörðun PFS nr. 23/2009 en sú ákvörðun varðaði viðskipti Mílu og Gagnaveitu Reykjavíkur. Telur Míla að krafa Vodafone varði ekki viðmiðunartilboð Mílu um hýsingu og því beri að vísa henni frá.

3.6.1.

Afstaða PFS

Það gjald sem Vodafone vísar hér til kemur fram í viðauka 2 grein 2.1. „Leiguverð í tækjahúsum“ 1/2 skápaeyning undir ljósmúffu alls kr. 6.997 kr. ef um blandaðan markað er að ræða og 10.174 kr. ef staðurinn fellur undir skilgreiningu þéttbýlis. Í umsögn Mílu kemur m.a. fram að Vodafone leigi ekki ljósleiðaramúffu og að Vodafone hafi ekki verið aðili að ákvörðun PFS nr. 23/2009 og að krafa Vodafone varði ekki viðmiðunartilboð Mílu um hýsingu og því beri að vísa henni frá.

PFS útilokar ekki að ákvörðun nr. 23/2009 kunni að hafa fordæmisgildi varðandi uppgjör á hugsanlegum kröfum Vodafone um oftekin gjöld. Í ljósi athugasemda Mílu um að umrædd vara hafi aldrei verið keypt af Vodafone telur stofnunin á hinn bóginn að rannsaka þyrfti betur viðskipti aðila hvað þetta varðar. Hins vegar er það álit stofnunarinnar að slík rannsókn og úrlausn hugsanlegs ágreinings eigi ekki heima í almennu staðfestingarferli viðmiðunartilboðs, heldur verði að fara fram í sjálfstæðu máli. Telja verður að það sé á forræði Vodafone að hefja slíkt mál ef fyrirtækið telur ástæðu til.

3.7.

Áhrif skilmála viðmiðunartilboðsins á niðurstöðu kostnaðargreiningar samkvæmt ákvörðun PFS nr. 41/2011

Í tilkynningu PFS, dags. 2. mars 2011 vegna samráðsins var vikið að því að hin nýja verðskrá og afsláttarfyrirkomulag Mílu skyldi vera hluti af nýju viðmiðunartilboði Mílu fyrir aðstöðuleigu þegar PFS hafði samþykkt viðmiðunartilboðið. Jafnframt tilkynnti stofnunin að hún liti svo á að hin nýja verðskrá sem Míla hafi tilkynnt leigutökum með bréfi, dags. 28. febrúar, sem byggði á niðurstöðum kostnaðargreiningar samkvæmt ákvörðun PFS nr. 41/2010 skyldi taka gildi þann 1. apríl 2011. Sá fyrirvari var þó gerður af hálfu PFS að hugsanlegar athugasemdir við skilmála myndu ekki breytta forsendum verðlagningarinnar.

Að mati stofnunarinnar hafa þær athugasemdir sem fram komu í samráðinu og fjallað er um hér að ofan ekki breytt forsendum þeirrar verðlagningar á hýsingarþjónustu Mílu, sem ákvörðun PFS nr. 41/2010 fjallar um. Sú gjaldskrá sem Míla birti þann 28. febrúar 2011 á grundvelli kostnaðargreiningarinnar og gildi tók þann 1. apríl 2011, skal því vera óbreytt.

Ákvörðunarorð

Viðmiðunartilboð Mílu ehf. fyrir hýsingu, dags. 1. apríl 2011, sem fór í samráð þann 2. mars 2011 er samþykkt að undanskildu ákvæði 2.5. í viðauka 2 *Verðskrá, Verð fyrir aðgang að kopartengigrind.*

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík 5. október 2011

Hrafnkell V. Gíslason

Friðrik Pétursson